

Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Berghólabraut 7
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 3.8.2022
UST202202-334/M.H.G.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 4.5.2021 þar sem stofnunin óskaði eftir áætlun um úrbætur vegna frávikanna er fram komu í eftirliti stofnunarinnar í Kólku sorpeyðingarstöð í Helguvík. Þann 21.6.2022 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 5.4 í starfsleyfi.** Daglegur meðalstyrkur HCl mældist 11,71 mg/m³ þann 18. maí sl. sem er yfir starfsleyfismörkum og þrjú daga yfir starfsleyfismörkum hvað varðar daglegan meðalstyrk SO₂ (59,09 mg/m³ 28.febrúar sl, 155,19 mg/m³ 23.mars og 86,88 mg/m³ 5. apríl sl.) Starfsleyfismörk fyrir daglegan meðalstyrk HCl er 10 mg/m³ og fyrir SO₂ 50 mg/m³. **Samkvæmt úrbótaáætlun á að halda áfram greiningu á fylgni innmötunar efnis úr ólíkum straumum og efna í útblæstri, auk endurskoðunar og innleiðingar nýrra verkferla með það að markmiði að halda styrk HCl og SO₂ undir starfsleyfismörkum. Þessari vinnu á að vera lokið 15. nóvember 2022.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Margrét Helga Guðmundsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur